

STARFSLÝSING

Yfirmaður

Íþrótt- og frístundastjóri

1. Meginviðfangsefni

- Ábyrgð á rekstri, þjónustu og starfsmannahaldi skíðamiðstöðvarinnar.
- Þjónusta við notendur skíðamiðstöðvarinnar.
- Almennur rekstur skíðamiðstöðvarinnar.
- Þróunarstarf og vinna við að koma upp heilsársstarfsemi í Oddsskarði.

2. Helstu verkefni

- Umsjón með starfsmannahaldi og verkaskiptingu milli starfsmanna.
- Ábyrgð á að öryggiskröfum til skíðasvæða sé fullnægt.
- Ábyrgð á fjárhagsramma skíðamiðstöðvarinnar og öflun og ráðstöfun sértekna svæðisins.
- Mótun upplýsinga- og kynningarefnis um skíðasvæðið í samstarfi við upplýsingafulltrúa.
- Samstarf við Menningarstofu Fjarðabyggðar viðburði.
- Umsjón með að fyrirspurnir og erindi til skíðamiðstöðvarinnar hljóti tilhlýðilega afgreiðslu.
- Kynning málefna skíðamiðstöðvarinnar á heimasíðu svæðisins og sveitarfélagsins.
- Rekstur veitingaskála, innkaup, o.fl. sem honum tengist.
- Rekstur skíðaleigu og fleira sem henni fylgir.
- Skipulagning á starfsemi og þjónustu Skíðamiðstöðvarinnar í Oddsskarði í samráði við umsjónarmann tækja, íþrótt- og frístundastjóra, forstöðumann Menningarstofu, atvinnu- og þróunarstjóra og upplýsingafulltrúa.
- Skipulagning á störfum annarra starfsmanna Skíðamiðstöðvarinnar í Oddsskarði.
- Þátttaka í þróunarstarfi og söfnun og greiningu upplýsinga fyrir Skíðamiðstöðina í Oddsskarði.

2.1 Fjármál

- Vinnur fjárhagsáætlun fyrir skíðamiðstöðina í samstarfi við íþrótt- og frístundastjóra í samræmi við verklagsreglur, starfsáætlanir og stefnur sem eru í gildi í sveitarfélaginu.
- Ber ábyrgð á að útgjöld skíðamiðstöðvarinnar séu innan fjárheimilda og tillögugerð um umbætur á starfsemi og hagræðingu í rekstri eftir því sem færi gefst á.
- Ber ábyrgð á fjárhagsuppgjörum og meðferð fjármuna vegna rekstrar skíðamiðstöðvarinnar.
- Tillögugerð um gjaldskrárstefnu og gjaldskrárbreytingar hjá skíðamiðstöðinni.

2.2 Stjórnsýsla

- Umsjón með að samþykktir og verklagsreglur varðandir rekstur skíðasvæðisins séu í réttu horfi og í samræmi við lög, reglur og stefnu bæjaryfirvalda.

2.3 Teymisvinna

- Náið samstarf með starfsfólki Skíðamiðstöðvarinnar Oddsskarði, umsjónarmann tækja, íþrótt- og frístundastjóra, forstöðumann Menningarstofu, atvinnu- og þróunarstjóra og upplýsingafulltrúa.

2.4 Starfsmenn

- Ráðning undirmanna, frágangur ráðningarsamninga og starfslýsinga.
- Forgangsröðun og úthlutun verkefna til undirmanna.

- Leiðsögn og ráðgjöf til undirmanna.
- Umsjón og eftirlit með að undirmenn búi yfir þekkingu sem nauðsynleg er til að sinna verkefnum.
- Ber ábyrgð á að starfsmenn Skíðamiðstöðvarinnar hljóti rétta þjálfun og menntun við hæfu.

2.5 Samskipti

- Við forstöðumenn/starfsmenn annarra skíðasvæða á Íslandi.
- Við undirmenn í skíðamiðstöðinni.
- Við íþrótt- og frístundastjóra.
- Við upplýsingafulltrúa varðandi markaðsetningu skíðamiðstöðvarinnar.
- Við samstarfsmenn á skrifstofunni svo sem starfsmenn á fjármála- og stjórnsýslusviði og aðra starfsmenn Fjarðabyggðar eftir atvikum.
- Við forstöðumann Menningarstofu Fjarðabyggðar vegna hátíða og viðburða.
- Við atvinnu- og þróunarstjóra vegna þróun svæðisins og samskipta vegna ferðaþjónustu.
- Við forsvarsmenn og þjálfara skíða- og brettafélaga.
- Við kennara og skólustjórnendur vegna skólaferða í skíðamiðstöðina.
- Við almenna notendur skíðamiðstöðvarinnar.
- Við starfsmenn Vegagerðarinnar, Veðurstofu og annarra stofnana er tengjast skíðamiðstöðinni.
- Við aðra hagsmunaaðila.

2.6 Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem íþrótt- og frístundastjóri felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Mikil og góð þekking á rekstri skíðasvæða.
- Reynsla af störfum á skíðasvæði.
- Þekking á reglum og lögum sem lúta að rekstri skíðasvæða.
- Þekking á stefnumótandi áætlanagerð og reynsla af vinnu við fjárhagsáætlanir.
- Reynsla af stjórnun.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.

3.2 Hæfnisþættir

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum.
- Áhugi til að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.
- Góð þekking á tölvum og netmiðlum.

Dagsetning: _____

Forstöðumaður Skíðamiðstöðvarinnar í Oddsskarði

Íþrótt- og frístundastjóri